

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 13. desember 2019
UST201911-037/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. nóvember sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 9. september 2019 á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Þann 25. nóvember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 5.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engar skráningar lágu fyrir við eftirlit. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verður bætt úr frávikinu fyrir árið 2019 og skráningum skilað fyrir 1. maí 2020.**
- 2. Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er stefnt að því að lokið verði við gerð viðbragðsáætlunar fyrir 1. apríl 2020.**
- 3. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%). Á urðunarstaðnum sunnan þjóðveggar voru opnar urðunarreinar með fljótandi úrgang í. **Skv. rekstraraðila hafa vinnureglur verið endurskoðaðar með tillit til fráviksins.**
- 4. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt af með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokað nema þegar starfsemi fer fram. Hlið norðan þjóðveggar var opið og engin starfsemi í gangi. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila er aðgangur að svæðinu alla jafna takmarkaður og svæðið lokað með hliði. Brugðist hefur verið við frávikinu og verklagsreglur bættar.**
- 5. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal byrgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Talsvert magn úrgangs var á urðunarstaðnum norðan vegar og hafði úrgangurinn ekki verið byrgður. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verklagið verið svo að þegar seyra er urðuð er greininni lokað um leið og losun lýkur. Brugðist hefur verið við frávikinu og verklagsreglur bættar.**
- 6. Gr. 2.11 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns. Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar um tryggingar rekstraraðila. **Rekstraraðili hefur nú sent stofnuninni afrit af tryggingarskírteini og telst frávikinu lokið.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Skúli Þóðarson
Sviðsstjóri


Frigg Thorlacius
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands